



FRÉTTABRÉF BSSL

EFNI BRÉFSINS:

Sæðisdropinn 2

Nýjar kjarnfóðurlöndur á
markað..... 4

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands verður haldinn föstudaginn 20. apríl 2007 að Heimlandi undir Eyjafjöllum. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

Á DÖFINNI:

- **29. mars**
Lækkun búvélakostnaðar - námskeið á St. Ármóti
- **30. mars**
Aðalfundur SS
- **2. apríl**
Aukin verðmæti sláturlamba - námskeið á Kirkjubæjarklaustri
- **13.-14. apríl**
Aðalfundur LK Akureyri
- **14. apríl**
Tamning fjárhunda námskeið í A-Skaft.
- **20. apríl**
Aðalfundur BSSL, Heimlandi

Ný heimasíða

Búnaðarsambandið opnaði nýja heimasíðu 7. mars sl. Nýja síðan er gjörbreytt í útliti en efnistöð er með svipuðum hætti og á eldri síðu. Meðal breytinga eru þó að á síðunni er öflug leitarvél sem og notendavefur þar sem meiningin er að vista skjöl eins og t.d. áætlanir sem unnar eru fyrir viðskiptavini og hægt er að sækja með því að skrá sig inn með notendanafni og lykilorði. Með tíð og tíma safnast því þar upp sú vinna sem unnin er fyrir viðskiptavini og verður þeim aðgengileg þar. Nýja síðan er eins og sú eldri vistuð hjá TRS á Selfossi og uppfærð með vefumsjónarkerfinu Aicon frá Aicon ehf. á Selfossi. Hönnun síðunnar var í höndum þeirra Guðmundar S. Jónssonar og Grétars Magnússonar hjá Aicon. Vefstjórar eru Guðmundur Jóhannesson og Jóhannes Hr. Símonarson.



Sæðisdropinn 1/07

Nautaárgangurinn 2000 kom til endanlegs afkvæmadóms nú í mars. Til dóms komu samtals 24 naut úr árgangnum og eru þetta einkum synir Smells 92028 sem er faðir helmings nautanna eða 12 talsins og Tjakkis 92022 sem á þarna 9 syni. Skuggi 92025 er síðan faðir tveggja nauta og Skjöldur 91022 á einn son í hópn-um. Benda má á að niðurstöður kvíguskoðunar þessa árgangs hafa verið aðgengilegar á vef Bændasamtakanna, www.bondi.is, síðan í haust.

Innan hópsins er ekki að finna viðlíka toppa eins og sést hafa í undanförunum árgöngum en þó koma allmörg verulega góð naut til notkunar úr honum og heildarmynd hópsins er sterk. Úr þessum árgangi verða 10 naut í dreifingu næstu mánuði. Þessi naut eru yfirleitt að gefa glæsikýr með góða júgur- og spenagerð en mjaltir eru töluvert breytilegar. Þá er afurðageta misjöfn en mjög góð hjá mörgum dætrahópnum og standa Smellssynirnir Tjakkssonunum þar sýnu framur. Í haust voru sex þessara nauta sett í notkun og nú munu fimm til viðbótar koma til notkunar en eitt hinna sex frá í haust verður tekið úr notkun. Hér á eftir fer nánari umsögn um þau fimm sem koma ný til notkunar:

Gosi 00032 frá Fjalli á Skeiðum, f. Smellur 92028, m. Daða 184, mf. Daði 87003. Gosi gefur sterkbyggðar, fallegar og mjólkurlagnar kýr með góða júgur- og spenagerð, mjaltir eru góðar og skap afbragðsgott. Prótein% hins vegar í neðri mörkum. Heildareinkunn 111.

Pröstur 00037 frá Lambhaga á Rangárvöllum, f. Skuggi 92025, m. Stör 245, mf. Keli 93975 (Hólmssonur 81018). Þetta er eini sonur Skugga sem kemur til frekari notkunar. Dætur Prastar eru góðar og gallalítlar kýr auk þess sem júgur- og spenagerð er yfir meðallagi. Mjaltir eru mjög góðar en skapið aðeins undir meðallagi. Rétt er að hafa í huga að Pröstur er af annarri nautalínu en flest hinna nautanna. Heildareinkunn 106.

Tjarni 00039 frá Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði, f. Tjakkur 92022, m. Vala 149, mf. Völsungur 94006. Tjarni gefur mjög vinsælar kýr með góða júgurgerð. Mjaltir og skap er afbragðsgott hvoru tveggja. Hins vegar er afurðageta þessara kúa talsvert síðri en dætra hinna nautanna þar sem hann er undir meðallagi hvað þann eiginleika varðar. Tjarni er því fyrst og fremst settur í notkun sem valkostur til að bæta mjaltir og skap. Heildareinkunn 105.

Bútur 00043 frá Geirshlíð í Flókadal, f. Smellur 92028, m. Óla 114, mf. Óli 88002. Bútsdætur eru sterklegar, mjólkurlagnar og vinsælar kýr með góða mjaltaeiginleika, júgur- og spenagerð og skap um meðallag. Próteinhlutfall er undir meðallagi. Heildareinkunn 110.

Lás 00045 frá Hæli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, f. Smellur 92028, m. Skrá 267, mf. Listi 86002. Lás gefur fremur fíngerðar, mjólkurlagnar kýr með efnahlutföll í góðu meðallagi, mjög góða júgurgerð og stutta, netta og vel setta spena. Mjaltir eru mjög góðar og skapið gott. Heildareinkunn 110.

Af þeim nautum úr árgangnum sem settir voru í notkun í haust hefur **Náttfari 00035** styrkt stöðu sína og er nú með 116 í heildareinkunn. Náttfari var valinn besta naut árgangsins en hann gefur eins og greint var frá í haust gríðarlega mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll eru lág og t.d. stendur mat fyrir próteinhlutfall aðeins í 82 en hefur þó heldur hækkað frá því í haust. Þetta eru öflugar kýr með góða júgur- og spenagerð, mjaltir í slöku meðallagi en þær eru skapgóðar.

Laski 00010 hefur lækkað aðeins en stendur samt fyllilega undir fyrri dómi sem nautsfaðir en dætur hans fá gott mat um flesta þætti.

Golli 00012 hefur heldur hækkað en hann gefur mjólkurlagnar kýr með fremur hátt fituhlutfall en próteinhlutfall um meðallag. Þessar kýr hafa sterka júgurgerð en spenar eru aðeins í grófara lagi og dómur þeirra fyrir mjaltir og skap er í tæpu meðallagi.

Kistill 00017 stendur með óbreytta heildareinkunn en dætur hans eru mjólkurlagnar með efnahlutföll mjólkur nærri meðaltali. Þetta eru snotrar kýr með gallalitra júgur- og spenagerð, mjaltir nærri meðallagi og umsögn um skap lofsamleg.

Júdas 00031 hækkar heldur í mati en dætur hans eru vel mjólkurlagnar með efnahlutföll mjólkur í tæpu meðallagi. Júgurgerð er sterkleg en spenar stundum í lengra lagi. Þessar kýr fá mjög jákvætt gæðamat hjá eigendum enda dómur fyrir bæði mjaltir og skap mjög jákvæður.

Hins vegar lækkar **Kósi 00026** nokkuð í mati og verður því ekki áfram í almennri dreifingu. Þá fara þeir Prakkari 96007, Teinn 97001, Meitill 98008 og Pollur 99008 úr almennri dreifingu en ýmist var sæði úr þeim protið eða þeir víkja fyrir yngri, betri og áhugaverðari nautum.

Nautaspjald 2007

Á nautaspjaldi 2007 verða ofantalin naut auk eftirtalinna eldri nauta: Pverteinn 97032, Hersir 97033, Rosi 97037, Glanni 98026, Umbi 98036, Príor 98042, Hræsingur 98046, Prasi 98052, Ábætir 99002, Spuni 99014, Ótti 99029 og Gangandi 99035.

Ástæða er til að benda á að Ábætir, Ótti og Gangandi eru ekki samfeðra neinum öðrum nautum sem í notkun eru. Um leið eru þeir einu synir feðra sinna sem eru í almennri dreifingu í dag þannig að þeir eru líklega hvað fjarskyldastir kúastofninum í landinu af þeim nautum sem í notkun eru. Sú ástæða eins og sér gerir þá áhuga-verða til notkunar auk þess sem ástæða er til að minna á að dætur Ganganda eru einhver glæsilegasti dætra-hópur sem fram hefur komið hvað skrokkbyggingu og júgurgerð varðar auk þess að vera frábærar í mjóltum.

Nautsfeður

Nautsfeður til notkunar fram á haustmánuði verða Hersir 97033, Rosi 97037, Glanni 98026, Laski 00010, Gosi 00032 og Náttfari 00035. Náttfari og Gosi eru þó aðeins til notkunar sem nautsfeður á kýr með hátt kynbótamat fyrir prótein%.

Nautkálfar á stöð

Fram á næsta haust verða teknir nautkálfar á stöð undan eftirtöldum nautum: Hersir 97033, Rosi 97037, Glanni 98026, Fontur 98027, Umbi 98036, Prasi 98052, Pollur 99008 og Laski 00010. Þá geta kálfar undan eldri nautsfeðrum komið til greina. **Látið endilega vita um nautkálfa undan kúm á nautsmæðraskrá og efnilegum kvígum með háa ætternisspá.**

Á nautsmæðraskrá eru eins og áður kýr með 115 eða hærra í kynbótamat og 90 eða hærra fyrir prótein. Til greina kemur að taka nautkálfa undan kúm með kynbótamat á bilinu 110-114. **Allar nautsmæður þurfa að vera kollóttar og gallalausar hvað varðar júgur, spena, mjaltir og skap. ATHUGIÐ** að á útsendri nautsmæðraskrá eru allar ættfærðar kýr með 110 og hærra í kynbótamat þó svo þær standist ekki kröfur varðandi útlitsdóm.

Þá er þeim tilmælum beint til manna að láta **sæða efnilegar og vel ættaðar fyrsta og annars kálfs kvígur með nautsfeðrum** þó kynbótamat liggja ekki fyrir með það í huga að bjóða nautkálfa undan þeim.

Holdasæði

Eins og áður stendur til boða sæði úr Angus, Galloway og Limousine nautum. Þau naut sem til er sæði úr eru: **Angus:** Angi 95400, Álfur 95401 og Arður 95402.

Galloway: Holdi 83649, Reynir 83654, Rúgur 84666, Borði 85682, Hnallur 86690, Búálfur 87604, Frakkur 87696, Hímir 88610, Nóri 88611, Sóli 88612, Naglfari 90627, Bor 90632, Hólmi 91637, Mótor 91638 og Hofmann 92500.

Limousine: Ljúfur 95450, Ljómi 95451 og Lindi 95452.

Ávallt eru einhver þessara nauta í kútum frjótækna en sé áhugi á sérstöku nauti, þá talið við frjótækni tímanlega ef það þyrfti að panta frá Hvanneyri.

Ungnaut

Útsendingu úr nautum fæddum 2004 er lokið og langt komin úr nautum f. 2005.

Dreifingu er lokið úr Rúti 05004, Slána 05007, Hnappi 05009, Hávarði 05010, Ferðalangi 05011, Gegni 05012 og Standi 05013.

Dreifing er langt komin, þ.e. yfir 500 sk. farnir frá Hvanneyri, úr: Renningi 05014, Mola 05015, Grallara 05017, Gussa 05019, Þengli 05022, Þrjóti 05024, Goða 05025, Baugur 05026, Gauki 05027, Brandi 05029 og Herkúles 05031.

Útsending er hafin úr Stjarna 05032 og nokkuð vel á veg komin úr Frami 05034.

Frekari upplýsingar

Rétt er að benda á að nautskráin er á netinu og þar er hægt að finna upplýsingar um öll reynd og óreynd naut í notkun. Verið er að endurhanna skrána og ný nautaskrá tekin í notkun innan skamms á nýrri vefslóð sem er www.nautaskra.net.

Þá eru ítarlegar upplýsingar um einstök naut og kýr að finna á www.huppa.is, sundurliðað kynbótamat fyrir alla eiginleika.

Guðmundur Jóhannesson

Nýjar kjarnfóðurblöndur á markað

Fóðurfyrirtækin, Fóðurblandan og Lífland, hyggjast bæði hefja markaðssetningu á nýjum kjarnfóðurblöndum á næstu vikum. Um er að ræða blöndur sem eru mun ódýrari en þær sem nú eru á markaði. Ástæða lægra verðs er einkum sú að þær innihalda ekki fiskimjöl sem próteingjafa en verð á því er sem kunnugt er mjög hátt.

Fóðurblandan hefur þegar tilkynnt um um markaðsheiti og verð á sínum blöndum. Þær munu bera nafnið DK og síðan kemur tala sem segir hvert % af próteini blandan mun innihalda. Um eftirfarandi tegundir verður að ræða:

DK-16. Þetta verður blanda með 16% próteini en AAT 116 g/kg þ.e. sem er mun lægra en í hefðbundnu K-16 með fiskimjöli. Þetta fóður hentar vel á síðmjólkurskeiði með beit og meðalgóðum heijum.

Verðlistaverðið verður m.v. í lausu 1 – 3 tonn á kr.

32.500 pr. tonn en hefðbundin K-16 blanda kostar samsvarandi kr. 43.100 pr. tonn.

DK-20. Þetta verður blanda með 20% próteini en AAT 125 g/kg þ.e. Sem er mun lægra en í hefðbundnu K – 20 með fiskimjöli. Þetta fóður hentar vel með heyi í blautverkuðum rúllum og próteinsnauðum heijum.

Verðlistaverðið verður m.v. í lausu 1 – 3 tonn á kr.

35.000 pr. tonn en hefðbundin K – 20 blanda kostar samsvarandi kr. 46.050 pr. tonn.

Lífland hefur ekki kynnt heiti eða verð á sínum blöndum utan það að verðið verði 10-20% lægra en á þeim blöndum sem þegar eru á markaði m.v. við sambærilegt próteininnihald.

Við hvetjum bændur til þess að leita sér ráðgjafar áður þessar nýju blöndur verða teknar í notkun þar sem því geta ávallt fylgt ákveðin vandamál að skipta um kjarnfóður.